



HÁSKÓLI ÍSLANDS



LÝÐHEILSUVÍSINDI

Þverfræðilegt meistara- og doktorsnám

Lýðheilsuvísindi

Í lýðheilsuvísindum er leitast við að svara nokkrum mikilvægustu spurningum samfélagsins:

Meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum

Kennsla í lýðheilsuvísindum hófst við Háskóla Íslands í september árið 2007. Miðstöð í lýðheilsuvísindum hefur umsjón með náminu. Breidd Háskóla Íslands, þverfræðileg nálgun og alþjóðleg tengsl gera nemendum kleift að velja úr miklum fjölda valnámskeiða og móta þannig námið í átt að sínu áhugasviði.

Nám og rannsóknir á heimsmaelikvarða. Megináhersla námsins er á aðferðir í rannsóknum og forvörnum. Námið er ætlað nemendum með ólíkan fræðabakgrunn sem hafa hug á rannsóknum á heilsu og áhrifaþáttum heilbrigðis. Námið veitir hagnýta þekkingu á útfærslu rannsókna og túlkun niðurstaðna þeirra og er góður undirbúningur fyrir þá sem vilja helga sig rannsóknum eða ætla sér leiðtogahlutverk á hinum fjölmörgu sviðum heilbrigðismála. Markmið Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands er að vera á meðal þeirra fremstu í rannsóknum á sviðum lýðheilsu og birta niðurstöður í viðurkenndum vísindatímaritum á alþjóðavettvangi.

Alþjóðlegt og innlent samstarf

Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands er í náinni samvinnu við erlendar menntastofnanir á heimsmaelikvarða. Harvard School of Public Health, Karolinska Institutet og University of Minnesota hafa undirritað viljayfirlýsingar þess efnis að koma að þróun náms í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands. Gestaprófessorar frá þessum stofnunum halda styttri námskeið og koma að leiðsögn rannsóknarverkefna.

Samstarfið felur einnig í sér möguleika fyrir nemendur að stunda rannsóknarvinnu og taka námskeið erlendis. Innanlands liggja fyrir samstarfs- eða viljayfirlýsingar við Bráðamóttöku LSH, Hjartavernd, Krabbameinsfélag Íslands og Embætti landlæknis, en þessar stofnanir gegna veigamiklu hlutverki í forvörnum og gagnasöfnun heilbrigðisupplýsinga á Íslandi. Þessi gögn eru dýrmætur efniviður rannsókna. Sérfræðingar frá ofantöldum stofnunum koma að kennslu og leiðsögn nemenda sem eiga þess einnig kost að vinna rannsóknarverkefni sín í samstarfi við þessar og aðrar innlendar stofnanir.

Nánari upplýsingar fást í kennsluskra Háskóla Íslands: www.kennsluskra.hi.is og á heimasíðu lýðheilsuvísinda: www.publichealth.hi.is

MEISTARANEMAR



Drifa Pálin Geirsdóttir
BA í Félagsfræði

Meistaraverkefni: Notkun örvandi lyfja við ADHD meðal fullorðinna á Íslandi 2003–2012



Guðlaugur Birgisson
Sjúkraþjálfari

Meistaraverkefni: Atferlismeðferð með eða án magahjáveituaðgerðar hjá alvarlega offeitum



Ólöf Sunna Gissurardóttir
BS í sálfræði

Meistaraverkefni: Andleg líðan í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli



Þuríður Anna Guðnadóttir
Hjúkrunarfræðingur

Meistaraverkefni: Tengsl líkamsþyngdarstuðuls og reykinga á meðgöngu við háþrýstingsjúkdóma barnshafandi kvenna

Hvernig er heilsan? Hvernig líður okkur? Hvernig getur okkur liðið betur?

Diplómanám í lýðheilsuvísindum

Postgraduate Diploma in Public Health

Diplómanám í lýðheilsuvísindum er tveggja missera hlutanám á framhaldsstigi og þurfa umsækjendur að hafa lokið BS/BA-prófi eða jafngildri prófgráðu frá háskóla. Námið er sérstaklega ætlað fagfólki innan heilbrigðis-, félagsmála- eða menntakerfisins sem vill auka þekkingu sína á heilsuefningu. Námið er 30 einingar og skiptist í skyldunámskeið (12e) og valnámskeið (18e).

Meistaránám í lýðheilsuvísindum

Master of Public Health, MPH

Markmið meistaránámsins er að veita hagnýta og rannsóknartengda þekkingu á heilsu og heilsuefandi aðgerðum. Meistaránámið er 120 einingar og tekur að jafnaði 2 ár. Umsækjendur þurfa að hafa lokið BS/BA-prófi með góðum árangri til að geta sótt um námið. Námsstjórn metur umsækjendur eftir frammistöðu í grunnnámi og greinagerð um fræðilegt áhugasvið og rannsóknarmarkmið. Námið skiptist í kjarnanámskeið (42e), valnámskeið (18–48e) og að jafnaði 60 eininga lokaverkefni.

Doktorsnám í lýðheilsuvísindum

PhD

Markmið doktorsnámsins er að veita nemendum þekkingu, hæfni og þjálfun til að geta stundað vísindalegar rannsóknir og aflað nýrrar þekkingar. Doktorsnámið er 180 eininga nám og tekur að jafnaði 3–4 ár. Nemendur þurfa öllu jöfnu að hafa lokið meistaraþrófi í lýðheilsuvísindum (MPH) eða öðrum tengdum greinum. Meginhluti námsins byggir á sjálfstæðu rannsóknarverkefni. Nemendum sem ekki hafa lokið MPH námi ber að ljúka ákveðnum kjarnanámskeiðum úr MPH náminu.

Að námi loknu

Starfsvettvangur að loknu námi í lýðheilsuvísindum er fjölbreyttur og áhugaverður. Atvinnumöguleikar eru meðal annars; vinna við rannsóknir, fræðsla, stefnumörkun, stjórnun, heilsuefning og forvarnir, innanlands sem og erlendis.

VERIÐ VELKOMIN Í ÖFLUGAN NEMENDAHÓP!

DOKTORSNEMAR



Agnes Gísladóttir

Hjúkrunarfræðingur, MPH í lýðheilsuvísindum frá Háskóla Íslands

Doktorsverkefni: Adverse birth outcomes among victims of sexual violence



Hildur Guðný Ásgeirsdóttir

Sjúkraþjálfari, MPH í lýðheilsuvísindum frá Háskóla Íslands

Doktorsverkefni: Suicide and suicidal attempts and psychiatric hospitalizations following the economic collapse in Iceland



Ragnhildur Guðrún Finnbjörnsdóttir

Líffræðingur, MSc í umhverfis- og auðlindafræði frá Háskóla Íslands

Doktorsverkefni: Heilsufarsleg áhrif loftmengunar í Reykjavík



Tryggvi Þorgeirsson

Læknir, MPH í lýðheilsuvísindum frá Harvard University

Doktorsverkefni: A smartphone application for primary prevention and treatment of obesity in youth

RANNSÓKNASVIÐ INNAN LÝÐHEILSUVÍSINDA Í HÍ



STAPA v/Hringbraut, 101 Reykjavík, Sími 525 4956, publichealth@hi.is

www.publichealth.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MIÐSTÖÐ Í LÝÐHEILSUVÍSINDUM